



Barnabóli 19. janúar 2005

Kæru foreldrar

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir samveruna og samstarfið á liðnu ári.

Þá er árið 2005 gengið í garð og heilsar okkur með frekar rysjóttu og köldu veðri, en nóg af góðu leikefni fyrir okkur Barnabólsbúa, blessuðum snjónum! Flestir komu filefdir til leikskólastarfsins eftir jólin, þó pestir hafi eitthvað verið að stinga sér niður og flensan bíði handan við hornið.

Gjaldskráin

Ný gjaldskrá tók gildi 1. janúar 2005 en hún fylgir neysluvísitölu og er uppfærð samkvæmt henni tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Upplýsingar um hana eru á deildum og heimasíðu leikskólans.

Börnin á leikskólanum

1. janúar 2005 eru 43 börn á leikskólanum og allar deildir fullar. Því miður er biðlisti eftir dvöl, lengingu og breytingum á dvalartíma. Það er slæmt, en þetta mjakast og á endanum fá allir dvöl og mér er fulljóst að þetta er erfitt fyrir þá sem bíða.

Hefð er fyrir því að elstu börnin búi til jólakort sem við sendum brott fluttum leikskólabörnum. Í október flutti Katla Björk til Frakklands þar sem hún gengur í forskóla og gekk vel að aðlagast skólanum. Hún kom í heimsókn á aðventunni og reyndi að kenna okkur að telja á frönsku. Auður Ísold flutti til Danmerkur í nóvember og byrjaði strax að tileinka sér dönskuna, hún er hjá dagmömmu en fer síðan á leikskóla. Silja Marín hætti um áramótin og flutti til Reykjavíkur með foreldrum sínum. Arnrun Mist, Hallbjörg og Benóný Bergmann byrjuðu á þess tímabili og 6. janúar byrjaði Ívan Orri Eiríksson sem nú er yngstur á leikskólanum.

Nám og starfsmannahald

Sessý og Lilja voru í 5 vikna vettvangsnámi í nóvember/desember s.l. og staðbundinni lotu við KHÍ vikuna 5.-12. janúar og fara aftur 23.-28. febrúar. Guðlaug er í fjarnámi alla föstudaga og 10. janúar fór hún í 4 vikna vettvangsnám á Króaból á Akureyri. Fjóra leysir hana af. Bergþóra Hrönn hætti um áramótin og átti dreng 18. janúar. Fjóra, Magga, Íris og Agnes eru í afleysingum og Guðmund og Sandra bæta stundum við sig.

Merking á fötum

Það hefur safnast mikið upp af ómerktum fötum **sem við viljum losna við**. Sumir foreldrar merkja allt og vil ég þakka fyrir það. En það er of stór hópur sem merkir ekki föt, skó, stígvél og dót og þetta veldur okkur óþægindum og ekki síst börnunum sem vita t.d. ekki hvort þau eiga „þessa eða hina lúffuna, eða peysuna!“. **Við þá foreldra vil ég segja: „takið ykkur nú tak og merki það sem barnið kemur með í leikskólann, svo við getum hætt þessu röfli! Eða hvað finnst ykkur?“**



Dans

Sú nýbreytni verður í leikskólastarfinu að samið hefur verið við Lindu Ævarsdóttur um að koma hálfmánaðarlega og vera með danskennslu fyrir eldri börnin í leikskólanum og dansstund fyrir yngstu börnin. Fyrsti danstíminn verður 20. janúar og síðasti 7. apríl. Yfirleitt eru yngri börn en 3ja ára ekki í danskennslu á Íslandi, við erum því ef til vill að brjóta blað í sögu dansmenntar þjóðarinnar með því að bjóða börnum allt frá 20 mánaða aldri þátttöku í dansstund/kennslu. Það verður gaman að fylgjast með þessum hópi og við höfum tröllatrú á að þau munu læra smávegis í dansi og ekki síst skemmta sér vel sem og eldri börnin.

Samstarf Tónlistarskólans og leikskólans

Fyrir áramótin talaði ég við Skarphéðinn Einarsson skólastjóra Tónlistarskóla A-Hún. um möguleika á tónmenntarkennslu fyrir leikskólabörnin. Skarphéðinn kom með þá hugmynd að nemendur Tónlistarskólans kæmu í tónlistartímum sínum og æfðu sig hér í leikskólanum með því að spila undir söng hjá okkur og var það ákveðið. Nemendur Tónlistarskólans munu koma einu sinni til tvisvar í mánuði fram á vor. Það koma 2-3 nemendur í einu og spila undir söng og kynna hljóðfærin sín. Þetta getur orðið hvatning til leikskólabarna að fara í tónlistarnám sem er bæði þroskandi og gefandi og leikskólabörn eru á besta aldri til að byrja í tónlistarnámi. Tónlistarskólinn tekur ekkert gjald fyrir þessa þjónustu og þökkum við kærlega fyrir það.

Grunnskólaheimsókn

Elstu börnin fara í grunnskólaheimsókn í janúar, mars, apríl og þriggja daga vorskóla í maí. Nánari upplýsingar um skipulag heimsóknanna hafa verið sendar foreldrum 5 ára hópsins.

Myndverk í Landsbankanum

Eins og s.l. ár býður starfsfólk Landsbankaútibúanna á Norðurlandi leikskólabörnum á sínum svæðum að halda myndverkasýningar í febrúar til mars. Við munum þiggja þetta góða boð og setja upp sýningu í Landsbankanum á Skagaströnd í byrjun febrúar.

Skipulagsdagur

Skipulagsdagur verður fimmtudaginn 10. febrúar en þá er leikskólinn lokaður.

Þorrablótið

Og að lokum, þá munum við Barnabólsmáttar blóta Þorrann 28. janúar n.k. með hefðbundnum hætti.

Kær kveðja frá starfsfólki leikskólans

Þórunn Bernódusdóttir leikskólastjóri









